

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands

- mikilvægi þeirra og áhrif breytinga á skattalögum

Erindi flutt á fræðslufundi fyrir styrktarsjóði og
almannaheillafélög, 24. febrúar 2022

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Styrktarsjóðir HÍ og skattlagning þeirra

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands

- Eignir styrktarsjóða HÍ eru einkum til komnar vegna gjafa frá velunnurum skólans
- Í upphafi þessa árs námu eignir styrktarsjóða HÍ um 8 ma.kr. og dreifðust á ríflega 50 sjóði
- Langstærstur þeirra er Háskólasjóður h/f Eimskipafélags Íslands en eignir hans námu um 4 ma.kr.




Ávöxtun styrktarsjóða HÍ

- Gjafir sem bárust á fyrstu áratugunum eftir stofnun HÍ árið 1911 brunnu að verulegu leyti upp á verðbólguárunum, auk tjónsins sem varð við hrun fjármálakerfisins
- Meðalávöxtun undanfarinn aldarfjórðung hefur engu að síður verið góð
- Ávöxtunin hefur verið notuð að hluta til að efla styrktarsjóðina og að hluta til úthlutunar styrkja

Skattlagning styrktarsjóða HÍ

- Skattlagning hefur undanfarin ár dregið mjög úr getu styrktarsjóða HÍ til að styðja við uppbyggingu náms og rannsókna við skólann
- Þetta er áhyggjuefni vegna þeirra slæmu áhrifa sem það getur haft á vísinda- og nýsköpunarstarf í landinu
- Fagnaðarefni að gerð var breyting á lögum sem bætti verulega úr þeim göllum sem voru á skattalegri umgjörð styrktarsjóða héraendis



Háskólasjóður h/f Eimskipafélags Íslands

Upphafið

- Háskólasjóður h/f Eimskipafélags Íslands var stofnaður árið 1964 til minningar um þá Vestur-Íslendinga sem hlut áttu að stofnun Hf. Eimskipafélags Íslands
- Stofnendur teljast allir þeir sem afhentu sjóðnum gjafir fyrir lok árs 1966
- Tilgangur sjóðsins er að stuðla að velgengni HÍ og að styrkja efnilega stúdenta til náms við skólann

Tímamót 2005

- Sjóðurinn var fyrstu áratuginna í vörslu Eimskipafélags Íslands og fóru stjórnendur félagsins með stjórn hans
- Tímamót urðu árið 2005 er samkomulag var gert um að færa sjóðinn í hendur HÍ og var Landsbréfum, dótturfélagi Landsbanka Íslands, falin umsjón með honum
- Snemma árs 2005 var ákveðið að verja ákveðnum hluta af eign hans til að styðja nemendur í rannsóknum við HÍ, einkum doktorsnema

Viljayfirlýsing Páls Skúlasonar, rektors, og Björgólfs Thors Björgólfssonar, formanns stjórnar

- Í viljayfirlýsingu frá feb. 2005 kom fram að „stjórn sjóðsins stefndi að breytingu á eignasamsetningu sjóðsins á næstu þremur árum [...] þannig að eignir hans yrðu varðveittar með það að markmiði að áhætta og sveiflur yrðu lágmarkaðar og ávöxtun háværkuð.“
- Sjóðurinn stækkaði ört á næstu árum en tapaði um þriðjungum eigna sinna við fall bankanna 2008

Stjórn Háskólasjóðs h/f Eimskipafélagsins

- Helga Björk Eiríksdóttir, formaður
- Lilja Björk Einarsdóttir
- Jón Atli Benediktsson
- Vilhelm Már Þorsteinsson

Styrkir

- Fyrstu styrkjunum var úthlutað árið 2006
- Hlé var gert á úthlutunum í tvö ár í kjölfar bankahrunsins
- Samtals hafa yfir 150 doktorsnemar hlotið styrki úr sjóðnum

Háskólatorg

- Samhliða fyrstu styrkúthlutun var veitt framlag úr sjóðnum til byggingar Háskólatorgs



ER ÞÖRF ÞEIM ER VÍÐA RA

Háskólatorg

- Háskólatorg markaði tímamót og umbylti allri aðstöðu Háskóla Íslands

Breytingar á skattaumgjörð 2021

- Ísland var lengi vel eftirbátur nágrannaríkjanna varðandi skattalega meðferð styrkveitinga í þágu rannsókna og vísinda
- Á síðasta ári voru gerðar umtalsverðar breytingar á skattalegri umgjörð styrktarsjóða á Íslandi sem HÍ hafði hvatt mjög til
- Í því sambandi skiptir mestu máli skattaleg meðferð fjármagnstekna hjá styrktarsjóðum
- Einnig skattalegt umhverfi einstaklinga og lögaðila hvað varðar hvatann til að veita styrki eða gjafir til góðgerðarmála

Skattaleg meðferð styrktarsjóða

- Fyrir nýju lagabreytinguna kom skattlagning fjármagnstekna mjög illa við sjóðina
- Sjóðirnir voru almennt undanþegnir greiðslu tekjuskatts
- Þetta var mikilvæg ívilnun á sínum tíma en ávinningurinn af henni fór því miður fyrir lítið eftir að fjármagnstekjuskattur var innleiddur þar sem sjóðirnir voru ekki undanþegnir honum

Skattaleg meðferð (frh.)

- Í þessu sambandi skiptir máli að styrktarsjóðum er almennt ætlað að viðhalda getu sinni til að úthluta styrkjum til framtíðar
- Af því leiðir að það eru fyrst og fremst tekjur sjóðanna sem koma til úthlutunar í formi styrkja en ekki höfuðstóll
- Skattlagning fjármagnstekna skerti því verulega möguleika sjóðanna til styrkjaúthlutunar
- Byrði styrktarsjóðanna vegna þessa var mun meiri en skatthlutfallið gaf til kynna því að það miðaðist við nafnávöxtun
- Sem hlutfall af raunávöxtun var fjármagnstekjuskatturinn mun hærri

Skattaleg meðferð (frh.)

- Einnig skiptir máli að styrkveitingar úr sjóðunum eru skattlagðar að fullu hjá viðtakendum umfram skattleysismörk
- Samanlögð áhrif innheimtu fjármagnstekjuskatts á sjóðina og tekjuskatts og útsvars á styrkþega voru þannig mjög mikil
- Ef sjóðirnir greiddu t.d. helmingis fjármagnstekjuskatt af raunávöxtun og styrkþegar fjórðungsskatt af styrkjum þá nýttist aðeins rétt rúmur þriðjungur af raunávöxtun sjóðanna til framfærslu styrkþega, annað rann til ríkis og sveitarfélaga

Eignarstaða

- Þegar nýju lögin tóku gildi 1. nóvember sl. hvíldi á styrktarsjóðum HÍ u.þ.b. 400 m.kr. skuldbinding vegna óinnleysts hagnaðar sem ekki hafði verið greiddur fjármagnstekjuskattur af
- Afar jákvætt fyrir það mikilvæga starf sem sjóðirnir styrkja að losna undan þessari skuldbindingu og að þurfa ekki að greiða fjármagnstekjuskatt af ávöxtun í framtíðinni

Horft fram á veginn



Ávöxtunarhorfur

- Þótt eignir styrktarsjóða HÍ séu allmiklar er geta þeirra til að veita styrki til náms og rannsókna því miður takmörkuð
- Ávöxtun allra síðustu ár hefur þó verið góð, enda eignaverð almennt farið mjög hækkandi, en framtíðarhorfur eru lakari



Skattaleg meðferð gjafa og framlaga

- Með breytingunni sem gerð var á lögum um tekjuskatt í fyrra er heimild fyrir lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri til að draga frá tekjum sem stafa af atvinnurekstri einstakar gjafir og framlög til vísindalegra rannsóknarstarfa, hækkuð úr 0,75% í 1,5% af tekjum
- Hækkunin er vissulega til bóta en þó er óvíst hve miklu hún mun skila enda hafa fæst fyrirtæki nýtt sér þá heimild sem fyrir var til fulls

Skattaleg meðferð gjafa og framlaga (frh.)

- Einstaklingar utan atvinnurekstrar hafa hins vegar ekki nægilega öflugar frádráttarheimildir eftir lagabreytinguna í fyrra.
- Á öllum hinum Norðurlöndunum (utan Svíþjóðar) auk Bretlands og Bandaríkjanna njóta einstaklingar sem gefa stórar gjafir frádráttar frá skattskyldum tekjum vegna slíkra framlaga
- Ísland er enn eftirbátur hinna landanna þegar kemur að því að skapa skattalega hvata til þess að gefa til góðgerðarmála
- Það væri mikilvægt viðbótarskref að endurskoða lög um tekjuskatt að þessu leyti, enda eru gjafir frá einstaklingum mikilvægur tekjuliður í starfsemi háskóla í þeim löndum sem við berum okkur saman við

